

SKÓLARÁÐSFUNDUR

24. MARS 2026

KL: 8:30, FUNDARHERBERGI,
MÝRARHÚSASKÓLA



MÆTTIR:

Ragnheiður (kennari), Anna Mjöll (foreldri), Monika (kennari), Íris (foreldri), Einar Tómas (Skjól&Frístund), Hrafney (5.b), Auður Ella (5.b), Laufey (aðst.skólastjóri), Nanna skólastjóri

LÍÐAN NEMENDA SKÓLA PÚLSINN

Niðurstöður sýndar í Bravo Lesson, nýju kerfi – setjum inn í það allt sem við mælum, viðhorfskannanir og fleira. Skólapúlsinn 2. – 5. bekkur. Heilt yfir þá er skólinn yfir landsmeðaltali í öllum flokkum sem spurt er um.

MATS FERILS PRÓF

Þegar mms birti niðurstöður matsferils og stillti upp samanburði á milli skóla þá ákváðu skólastjórnendur að bíða með valkvæðu prófin. 4. bekkur og 6. bekkur tóku prófin. Þau eru nú í fullum gangi og þeim lýkur í lok þessa mánaðar. Velferð nemenda er alltaf númer 1, 2 og 3. Það er ekki okkar vilji að vera stillt upp í beinan samanburð við aðra skóla. Við viljum líta á niðurstöður sem matstæki fyrir skólann, foreldra og nemandann sjálfan, ekki fjölmiðla. Við viljum nám fyrir alla, styrkleikar barna eru fjölbreyttir og gæði kennslu snýr að fjölbreyttum kennsluaðferðum. Við forðumst að láta prófatriði stjórna áherslum í kennslu.

ÖRYGGI OG AÐBÚNAÐUR

Vinnuverndarnefnd vinnur eftir gátlista, áhættumati, hávaðavörnum o.fl. frá vinnueftirlitinu. Atriði sem þarf að skoða reglulega. Skólastjóri, öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður ásamt tveimur kennurum. Til að fá aðgerðaráætlun og stöðumat húss ákvað nefndin að hafa samband við bæjarstjóra. Haldinn var fundur 23. mars. Lýsing og loftræsting voru stóru umræðuefnin. Við erum að bíða eftir fundargerð fundarins.

ÖNNUR MÁL

Ryk og skítur veldur slæmum loftgæðum. Það þarf að taka til, þrifa betur. Sérstaklega textilstofuna.